

Bæjarstjórn Akraness felur sviðstjórum kaupstaðarins að leita leiða og koma með tillögur til að stytta fjölda vinnustunda starfsmanna bæjarins - og / eða gera vinnutíma starfsmanna sveigjanlegri.

Tillögurnar séu við það miðaðar að ekki komi til umtalsverðs viðbótarkostnaðar fyrir bæjarsjóð. Markmiðið er að auka starfsánægju, bæta lífsgæði og fækka veikindadögum. Þekkt er að mikið og stöðugt álag veikir almennt ónæmiskerfi líkamans og mótstöðu gegn líkamlegum sem andlegum veikindum.

Allar rannsóknir sýna að þar sem vinnutími er stytur, án þess að til launaskerðingar komi, bætir það mjög líðan starfsmanna og um leið afkastagetu. Hagur beggja, bæði vinnuveitandans og starfsmanna er augljós, samanber kannanir. Þær sýna að öll umbun, þótt í smáum stíl sé, skiptir ótrúlegu máli.

Sviðsstjórum er falið að vinna náið með yfirmönnum stofnana bæjarins og leggja síðan fram tillögur sínar eigi síðar en á mannauðsdegi kaupstaðarins, sem áætlaður er í nóvember 2018.

